

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 26. ágúst 2015 kl. 9-11.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, Jón Torfi Jónasson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.
Svanhildur M. Ólafsdóttir tilkynnti um forföll.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Umræðuefni

- Nýir fulltrúar í fagráðinu
- Opinn fundur
- Erindi til fagráðs
 - ÖBÍ – um fulltrúa
 - Menntamálaráðuneyti – um fjármálafræðslu
- Norrænn fundur í september
- Starfið framundan
 - Vinnulag
 - Áætlun og verkefnalisti
 - Nýr vinnuhópur um kennaramenntun
 - Starfendarannsóknir – nýliðar ofl
- Önnur mál

Nýir fulltrúar í fagráðinu

Klara E. Finnbogadóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga er nú varamaður í fagráðinu en Þórður Kristjánsson hefur verið tilnefndur af Sambandinu sem aðalmaður. Þórður er jafnframt fulltrúi Sambandsins í stýrihópi. Í vor varð jafnframt breyting á fulltrúum Félags stjórnenda í framhaldsskólum. Aðalmaður er nú Sigríður Huld Jónsdóttir (VMA) og til vara er Hildur Halldórsdóttir (MÍ). Þórður var boðinn velkominn í fagráðið og stýrihópinn.

Opinn fundur

Stýrihópurinn var upplýstur um skráningu, fyrirkomulag, dagskrá og umræðuspurningar opins fundar sem haldinn verður í Gerðubergi 31. ágúst nk. Til viðbótar við þær umræðuspurningar sem settar hafa verið fram var rætt um að æskilegt væri að tala um samráð; um hvað menn vilja tala saman varðandi starfsþróun og við hvern. Lagt til að komið væri inn á þetta í almennu umræðunum og fundarstjóri beindi umræðu á þá braut. Gæti verið erfitt að fjalla um í hópunum þar sem samsetning hópanna er mismunandi og hafa e.t.v. ekki allir fulltrúa allra aðila fagráðsins.

Erindi til fagráðs

Í sumar barst erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til fagráðsins um fjármálafræðslu, en starfshópur hafði fjallað um hana og skrifað skýrslu. Óskað var eftir að fagráðið fjallaði um skýrsluna og svaraði hvernig það telji rétt að bregðast við henni.

Annað erindi barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en um var að ræða áframsent bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands þar sem óskað var eftir fulltrúa ÖBÍ í ýmsum nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, m.a. *fagráði um símenntun og starfsþróun kennara*.

Stýrihópi þótti ekki í verkahring fagráðsins að fjalla um ákveðnar námsgreinar eða fög líkt og hér er farið fram á. Hins vegar þótti rétt að til væri slíkur vettvangur.

Fagráðið var skipað til ákveðinna verka og voru fulltrúar skipaðir með það í huga. Það er ekki verkefni fagráðsins að ákveða hverjir sitja í því. Engu að síður er áhugavert að vita um hvað ÖBÍ vill hafa samráð. Í stefnu sinni gæti fagráðið haft í huga að komið yrði á umræðuvettvangi sem ekki er einskorðaður við núverandi aðila fagráðsins.

Sigurjóni og Sólrúnu var falið að svara erindunum.

Norrænn fundur í september

Sigurjón hefur áður upplýst fagrád og stýrihóp þess um norræna nefnd sem fjallar um ýmislegt er tengist störfum og menntun kennara. Vísað er til fundargerðar fagráðs (9. júní 2015) þar sem fjallað er nánar um nefndina, verkefni hennar og störf. Sigurjón dreifði blaði sem sýndi hvað skyldi haft í brennidepli og einnig ramma sem sýnir hugmyndir frá þátttökulöndunum um verkefni sem æskilegt væri að vinna áfram. (Sjá fylgiskjal). Þar voru líka sett fram góð dæmi. Rætt um að það sem fram kemur hjá hinum löndunum gæti hjálpað fagráðinu í sinni stefnumótunarvinnu. Gott væri að fá eitthvað handfast, s.s. skýrslur og fleira.

Rætt um að stýrihópur myndi hitta hópinn en fyrirhugaður er fundur í Hannesarholti eftir hádegi 11. september. Þar væri fagráðið kynnt og efnt til umræðu um það. Fólk var beðið um að taka tímann frá.

Starfið framundan og verkáætlunin

Rifjuð upp fyrri umræða um starf (vinnulag) fagráðsins, rætt um áfanga, vinnuhópa, greinargerðir, úrvinnslu og umræðu í fagráði, stefnumótunar-rammann, áætlun og verkefnalista. Áætlun hefur nú verið uppfærð nokkuð en verkefnalok hafa frestast á sumum verkefnum. Rætt um skilafrest og mikilvægi þess að halda vel áfram. Tíminn flýgur. Farið yfir verkefnalistann: <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/vordurH.pdf>

Upplýsingaveitan þarf meiri kynningu og hvetja þarf fræðsluaðila að setja þar inn efni. Þess má geta að styrkþegar úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla voru hvattir til að hafa samband um að auglýsa verkefni sín á veitunni en enginn gerði það. Tæknilegir agnúar hafa smám saman skafist af. Hnappur er nú á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins inn á upplýsingaveituna. Á vefnum (starfsthrounkennara.is) má sjá hvaða aðilar hafa undirritað samning og hafa leyfi til að setja inn efni.

Varðandi upplýsingatækni og starfsþróun var lagt til að unnin væri greinargerð inn í stefnumótunina sem síðan væri kynnt fyrir fagráði. Leitað yrði í smiðju Menntamiðju og víðar við þetta verk. Lagt til að Sólrún og Edda leiddu þetta.

Rætt um vinnuhópinn sem fjallar um þarfir fyrir starfsþróun og símenntun. Verkefnið hefur reynst flókið og nokkuð er í land að hópurinn ljúki störfum.

Eitthvað hefur verið safnað í sarpinn um fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum, en rætt var um að gott væri að fá einhvern til að taka þetta saman í greinargerð þar sem greint yrði frá nokkrum módelum víðs vegar um heiminn sem gæti orðið fagráði til hjálpar í sinni vinnu. Greinargerðin má ekki vera of ítarleg og draga þarf saman aðgengilegan texta, jafnvel að hluta til í skeytastíl. Jón Torfi og Edda athugi hvort einhver við Menntavísindasvið væri vænlegur til verksins.

Kennarasambandið hefur tekið saman upplýsingar um lög, reglugerðir, aðalnámskrá og kjarasamninga og starfsþróun. Þessum upplýsingum hefur verið komið fyrir á vef fagráðsins: <http://starfsthrounkennara.is/log-reglugerdir-adalnamskra-og-kjarasamningar/>

Rætt um stuðning við nýliða og starfendarannsóknir. Kari Smith verður gestakennari á vegum Menntavísindasviðs um mánaðamótin október – nóvember. Hún hefur verið leiðbeinandi um að þróa sameiginlegt diplómanám um handleiðslu (t.d. leiðsögn með nýliðum, kennaranemum, stjórnun þróunarverkefna og almenna leiðsögn) á vegum HÍ og HA. Rætt hefur verið um að hún haldi fyrirlestur um vettvangsnám á opnum fundi samstarfsnefndar KÍ og MVS. Fyrirlesturinn gæti orðið grunnur til að byggja á í umræðu um nýliða í stefnu fagráðsins. Edda hefur látið Örnú H. Jónsdóttur sem er í sambandi við Kari um áhuga fagráðsins á málefnum og þátttöku á þessum fyrirlestri eða fundi.

Varðandi starfendarannsóknir var rætt um að safna saman fólki sem þekkir vel til og ræða um slíkar rannsóknir í samhengi við starfsþróun kennara. Fólk sem nefnt var: Hafþór, Birna Svanbjörnsdóttir, Karen Rut, Hafdís Guðjónsdóttir og Hjördís (MS). Þetta væri skref á undan því að taka málið fyrir með öllu fagráðinu. Edda og Sólrún leiði þessa vinnu.

Á fagráðsfundi 9. júní var samþykkt að stofna vinnuhóp um kennaramenntun. Jón Torfi Jónasson og Aðalheiður Steingrimsdóttir hafa velt málinu fyrir sér sbr. minnispunkta sem lagðir voru fram á fundinum (sjá fylgiskjal). Í umræðu var lögð á það áhersla að við mættum ekki kafa of djúpt í viðfangsefnið en mikilvægt væri að marka stefnu og sameiginlegan skilning um kennaramenntun sem ævimenntun. Jóni Torfa og Aðalheiði falið að leiða þessa vinnu en æskilegt þótti að stofna vinnuhóp með fulltrúum aðila fagráðsins.

Önnur mál

Næsti fagráðsfundur er ákveðinn 22. september.

Sólrún sendi út könnun vegna næsta fundar í stýrihópi.

Sólrún Harðardóttir tók punkta